

Sb.

131. Fyrirspurnir.

[79. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um lyfsöllumál.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

1. Hvernig hefur eftirliti með lyfjabúðum verið háttað, síðan lög nr. 7 4. júní 1924 komu í gildi? Hver hefur verið eftirlitsmaður, og hver laun hefur hann haft fyrir það?
2. Hversu oft hefur eftirlitsmaður komið í hverja einstaka lyfjabúð árlega?
3. Hvernig hefur eftirlitið verið framkvæmt?
4. Hvaða reglu hefur verið fylgt um veitingu lyfsöluleyfa undanfarin ár?

II. Til heilbrigðismálaráðherra um fæðingardeild landsspítalans.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Hvenær var upphaflega ráðgert, að fæðingardeild landsspítalans gæti tekið til starfa í hinni nýju byggingu deildarinnar?
2. Hvað hefur tafið það, að deildin tæki til starfa, og hvað tefur enn?
3. Hvenær er nú ráðgert, að hin nýja fæðingardeild taki til starfa?

III. Til fjármálaráðherra um ríkisskatta samvinnufélaganna.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hversu mikið fé hefur ríkissjóður fengið í ýmiss konar skattgreiðslur á árunum 1939—'47 frá eftirtöldum samvinnufélögum:

1. Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
2. Sláturfélagi Suðurlands,
3. Kaupfélagi Reykavíkur og nágrennis,
4. Kaupfélagi Árnesinga,
5. Kaupfélaginu í Borgarnesi,
6. Kaupfélagi Austur-Húnavetninga, Blönduósi,
7. Kaupfélagi Eyfirðinga,
8. Kaupfélagi Þingeyinga,
9. Kaupfélagi Héraðsbúa?

Óskað er að fá hin ýmsu skattgjöld sundurliðuð ár fyrir ár, þannig að glögg komi fram skattgreiðslur hvers félags.

IV. Til atvinnumálaráðherra varðandi greiðslur úr ríkissjóði vegna sóttvarnar-söðva í sambandi við væntanlegan innflutning sauðfjár.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur núverandi ríkisstjórn gert til að undirbúa sóttvarnir í sambandi við væntanlegan innflutning húsdýra?

1. Hvaða fasteignir hafa verið leigðar eða keyptar í þessu skyni, og hve miklu fé hefur verið til kostað?
2. Hvaða aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar í sambandi við innflutning erlendra húsdýra?